



## Landamerkjaskjöl 1270-1887

Aðfnr. 56, örк 15

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is)

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rýnta loftskýti til  
Frégnmiði frá Ósafold og Ójallkonunni.  
Íslands  
eign S. Borgmanns Kaupm.  
i Hafnarfjörð.  
á aitaf að geimast.

## Marconi-loftskreyti.

Meðtekin í Reykjavík frá Poldhu í Cornwall á Englandi.

Fjarlægðin 1850 rastir (= um 240 mílur danskar).

26. júni 1905, kl. 10<sub>38</sub> siðdegis.

Brezkt gufuskip Ancona rakst á danskt skòlaskip nálægt Kaupmannahöfn og sökti því. Tuttugu og tveir drengir druknuðu.

Brezka herskipið Carnarvon rakst á þýzka herskipið Coblenz út af Spáni. Carnarvon tók við skipshöfnum inni og dró Coblenz, sem leki hafði komið að, til Ferrol.

Mr. Hay (utanríkisráðgjafi Bandaríkjanna) sýktist snögglega í Newbury, New Hampshire, af nýrnaveiki. Kent um kvefi, sem hann hafi fengið á leiðinni til sumarbústaðar síns. Læknar meðal annarinnar gera sér von um bráðan bata.

Mr. Hay (utanríkisráðgjafi Bandaríkjanna) sýktist snögglega í Newbury, New Hampshire, af nýrnaveiki. Kent um kvefi, sem hann hafi fengið á leiðinni til sumarbústaðar síns. Læknar drógu úr þrautunum og menn gera sér von um braðan þata.

Mönnum skilst svo, sem Curzon lávarður (Indlandsjarl) hafi gefið í skyn, að hann mundi segja af sér, nema nokkrar mikilvægar breytingar verði gerðar á fyrirskipunum um herstjórn á Indlandi.

Lloyds hraðskeyti frá Odessa segir, að hætt sé allri vinnu þar á höfninni. Skipshöfn á herskipi þar á höfninni gerði samsæri og myrti foringjana, og sagt er að hún hafi hótað að skjóta á bæinn.

28. júní 1905 kl. 10<sub>20</sub> siðdegis.

**Fyrirskipun frá Rússakeisara felur landstjóranum í Varsjá æðsta herstjórnarvald þar.**

**Lögregluliðsforingi var skotinn til bana í dag í 'Sfuðmarkaðsskálaranum í Varsjá.**

Sendiherrann þýzki í París hefir afhent svar þýzkui stjórnarinnar upp á franska stjórnarskjalið um Marokko. Hinn sàttvænlegi blær á svarinu virðist mýkja malið það, þótt mönnum skiljist sem þar sé haldið fram nauðsyn ríkjafundar.

Umræður fóru fram á sánska ríkisþinginu (um norska malið). Stjórninni var ámælt fyrir istöðuleysi. Ýmsir þeir er töludu héldu fram hernaðarráðstöfunum. Forsætisráðherrann talaði um, hver heimska væri að fara í ófrið, með því að ríkissamband við Norveg yfirunninn yrði stór og sifeldur háske.

Fregnmiði þessi fæst í afgreiðslu Isafoldar (Austurstræti 8) og afgreiðslu Fjallkonunnar (Hafnarstræti 22).

Ísafoldarpr.sm.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur